

1874.

3. júlí.

51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til innanríkisstjórnarinnar, um breyting á gjöldum í auglýsing 26. septbr. 1872.

Útaf bréfi innanríkisstjórnarinnar, dagsettu 26. f. m., þarsem stungið er uppá, að gjöldum þeim, sem getið er um í auglýsing 26. septbr. 1872, sem hefir inni að halda ákvarðanir um sambandið milli hinna almennu dönsku og hinna sérstaklegu íslenzku póstmála innbyrðis, verði breytt í krónumynt á þann hátt, sem nákvæmar er tiltekið, samkvæmt peningalögnum, 23. maí 1873, gefum vèr til kynna, að dómsmálastjórnin fyrir sitt leyti fellst á það, sem stungið er uppá.¹

4. júlí.

52. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um verzlunarskýrslur frá sýslumönnum.

Um leið og vèr sendum yður skýrslur nokkrar frá Böving sýslumanni um aðfluttar- og útfluttar vörur að því leyti, er

¹) Uppástunga innanríkisstjórnarinnar fer fram á, að

breytt verði í 5 gr. 50 rd. í 100 krónur,

— — — — 100 — - 200 —

— — — — 6. gr. 8 sk. - 16 aura,

— — — — 16 — - 33 —

— — — — 24 — - 50 —

— — — — 7. gr. 8 — - 16 —

— — — — 12 — - 25 —

— — — — 8. gr. 8 — - 16 —

— — — — 10 rd. - 20 krónur,

— — — — 9. gr. 12 sk. - 25 aura,

— — — — 100 rd. - 200 krónur.

— — — — 10. gr. 12 sk. - 25 —

— — — — 4 — - 8 —

— — — — 16 — - 33 —

— — — — 100 rd. - 200 krónur,

— — — — 12. gr. 8 sk. - 16 aura,

— — — — 15 rd. - 30 krónur,

— — — — 32 sk. - 66 aura.